

Varmamót ehf
Guðmundur Guðbjörnsson,
framkvæmdastjóri
Framnesvegi 19
230 Keflavík

Reykjavík 27. júlí 2007
Tilvísun 2007070028/7.23/GG/--

Efni: Varmamót - REI 120 veggur


Brunamálastofnun hefur yfirfarið innsend gögn um byggingamót úr sjálflökkvandi polystyren einangrunarplasti sem framleidd eru af Varmamót ehf. Um er að ræða 50 + 50 mm þykka fleka sem eru tengdir saman með harðplasttengjum pr. 150 mm og mynda 300x1200 mm mótaflöt (kubburinn er 296x300x1200 mm). Kubbunum er raðað saman til að mynda mót sem járnabendingu er komið fyrir í en síðan er steipt í mótin með steinsteypu á venjulegan hátt. Með þessu fæst um 196 mm þykkur steinsteyptur veggur með 50 mm polystyren einangrun að innanverðu og að utanverðu. Útreiknuð brunamótstaða veggisins er REI 120

Plastið skal eldvárið að utan og að innan með klæðningum í flokki 1 á öllum byggingum sbr. gr. 135.10b í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Í því sambandi vill Brunamálastofnun taka fram eftirfarandi takmarkanir á notkun:

1. Þess skal gætt að ekki má nota loftræstar klæðningar yfir plastinu heldur skal eldvörnin, klæðning í flokki 1 liggja þétt að plastinu. Klæðningin skal fest á plastið á brunatæknilega tryggan hátt og í samræmi við vottun á viðkomandi klæðningu. Um þykkt á eldvörninni skal miða við að holrúm sé undir klæðningunni.
2. Plastið skal rofið lárétt utanhúss um einn kub (300 mm) við 3ju hverja hæð að utan eða með 8 m. millibili eftir því hvort er minna og lóðrétt þannig að ekki verði lengri veggflötur en 50 m. samfelldur með plasti.
3. Viðurkenningin miðast við að uppsetning einangrunarmótanna og frágangur þeirra í brunatæknilegu tilliti sé unnin af Varmamót ehf., eða öðrum aðilum sem hlotið hafa þjálfun á þeirra vegum.

Viðurkenningin er gerð með vísan til 25. gr. laga nr. 75/2000 um brunamál og gildir á meðan þær reglugerðir sem viðurkenningin byggir á er í gildi en þó ekki lengur en til 31.12.2009

Virðingarfyllst


Guðmundur Gunnarsson
yfirverkfræðingur